

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	20.02.19
Málalýkill	09.30
Mál nr.	1810093



Garðabær
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 15. febrúar 2019
Tilvísun: 201805081 / 5.1


Efni: Skíðasvæði í Bláfjöllum, Kópavogsbæ - beiðni um umsögn

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins sendi Skipulagsstofnun tilkynningu, móttekin 24. september 2018, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Umsagnarbeiðni var send vegna hennar þann 2. október 2018 sl. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins hafa lagt fram viðbótargögn og er því óskað eftir annarri umsögn. Viðbótargögn voru send með tölvupósti í dag.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Garðabær gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Garðabær telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 4. mars 2019 og einnig á tölvupóstfang jakob@skipulag.is og skipulag@skipulag.is.


Matthildur B. Stefánsdóttir

Umsagnaraðilar: Kópavogsbær, Ferðamálastofa, Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Kjósarhreppur, Minjastofnun Íslands, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Umhverfisstofnun, Veðurstofan og Vinnueftirlit ríkisins.

